

Fundargerð 67. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 11. janúar 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Endurskoðun byggðaáætlunar – samhæfing við aðrar áætlanir/stefnur**
- 2. Drög að minnisblaði stýrihópsins**
- 3. Samskiptaáætlun 2021**
- 4. Framlög til sóknaráætlana landshluta árið 2021**

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN, fór kl. 14:00), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR, fór kl. 14:00), Bryndís Eiríksdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karl Björnsson (Sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinnsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Sigríður Ó. Kristjánsdóttir (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Endurskoðun byggðaáætlunar – samhæfing við aðrar áætlanir/stefnur

Formaður kynnti stöðu vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar. Grænbókin er í samráðsgátt og verður þar til 25. janúar. Verið er að undirbúa hvítbók og drög að tillögu til þingsályktunar sem á að liggja fyrir í vor. Óskað verður eftir fundum með stjórnendum allra ráðuneyta til að fjalla um endurskoðun byggðaáætlunar og samhæfingu hennar við aðrar stefnur/áætlanir ríkisins. Talsverð umræða varð um þennan lið, m.a. um nauðsyn þess að hafa byggðamál í forgrunni við áætlanagerð og stefnumótun ríkisins. Rætt var um kosti þess að rýna stefnumótun ríkisins með „byggðagleraugum“ og hvort eigi að leggja til að fela Byggðastofnun að „hanna byggðagleraugu“, eða skapalón til að rýna opinberar áætlanir út frá. Þá var rætt hvort fela mætti fulltrúum hvers ráðuneytis að rýna drög að texta í fjármálaáætlun fyrir málefnasvið þeirra ráðuneyta, með það að markmiði að gera byggðasjónarmið sýnilegri.

2. Drög að minnisblaði stýrihópsins

Sjá lið 1 á dagskránni, en umræður um þessa tvo dagskrárliði runnu að miklu leyti saman í eitt.

3. Samskiptaáætlun 2021

Formaður sýndi skjal með tillögu að samskiptaáætlun stýrihópsins fyrir árið 2021. Landshlutasamtökunum er gert að setja fram samskiptaáætlanir samkvæmt sóknaráætlanasamningum og hefur það gefið góða raun. Ákveðið var að gefa stýrihópnum færi á að senda athugasemdir við áætluninni.

4. Framlög til sóknaráætlana landshluta árið 2021

Formaður ræddi um fjármál til sóknaráætlana fyrir árið 2021. Framlag MRN verður óbreytt, eða 223,6 m.kr., en framlag SRN hækkar um 90 m.kr. frá árinu 2020. Hækkunin kemur til þar sem í fjárlögum fyrir

árið 2021 er framlag til sóknaráætlana landshluta aukið tímabundið um 100 m.kr. Skipting fjármuna milli landshluta verður óbreytt eins og samningar kveða á um. Þó má gera ráð fyrir að 100 m.kr. sem koma aukalega og tímabundið í gegnum byggðaliðinn skiptist með öðrum hætti. Verður greint frá skiptingunni á næstu dögum. Verkefnisstjóri mun óska eftir upplýsingum frá landshlutasamtökunum um áhersluverkefni þeirra fyrir árið í ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15
Næsti fundur verður mánudaginn 7. febrúar.